

Sp. 792. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]
um vistunarmál aldraðra.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að beina því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann hafi frumkvæði að sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem ríkir í vistunarmálum aldraðra á þessu svæði.

Greinargerð.

Hver könnunin á fætur annarri sýnir það ófremdarástand sem ríkir í vistunarmálum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Á annað þúsund manns eru á biðlistum fyrir vistunarrými og íbúðir í Reykjavík einni, þar af 700 á forgangslista. Talið er að a.m.k. um tvö hundruð búi við neyðarástand eða séu í afar brýnni þörf fyrir skjóta úrlausn. Þarf reyndar ekki talnanna við til að vitna um ástandið, svo margir sem hafa haft kynni af því úr umhverfi sínu hversu slæmt ástandið er. Við þetta ástand verður ekki unað. Að dómi flutningsmanna eiga ríki og sveitarfélög á svæðinu að sameinast um átak til úrlausnar, samhæfa krafta sína og velja forgangsröð framkvæmda þannig að þær verði að sem mestu og skjótustu gagni. Því er þessi tillaga flutt og því beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hafa frumkvæði í þessu efni.